ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun 2026 - 2027

Íslenska – 6. Bekkur

Kennarar

Eyjólfur Kolbeins
Eyjolfur.kolbeins@reykjavik.is

Arnar Freyr Guðmundsson
Arnar.freyr.gudmundsson@reykjavik.is

Ingi Þór Þórhallsson
ingi.thor.thorhallsson@reykjavik.is

Lýsing

Dæmi: 9 kennslustundir á viku sem skiptast í málfræði, ritun, yndislestur og lesskilning

Markmið

Markmið náms í íslensku er að gera nemendur að öflugri málnotendum, sem þekkja málið og geta beitt því af öryggi.

Efla nemendur í grunnstoðum fagsins. Lestri, lesskilning, ritun og töluðu máli.

Námsefni

Orðspor 2

Málrækt 2

Annar Smellur

Auka efni frá kennara

Yndis lestrarbækur sem nemendur velja sér sjálfir.

Ein Íslendingasaga.

Kennsluaðferðir

Nemendur vinna í verkefnabókum en svo verður einnig stöðvavinna þar sem unnið er í alls konar verkefnum, bæði einstaklings verkefni og hóp verkefni.

Námsmat

Leitast er við að hafa námsmat fjölbreytilegt og að það endurspegli á sem bestan hátt námslega stöðu nemenda. Námsamat í íslensku felst í verkefnavinnu, vinnuframlagi í kennslustundum og könnunum.

Námslotur

Í íslensku er unnið í einni lotu en kennslustundum vikunnar er skipt upp eftir viðfangsefnum.

Kennslustundunum er skipt upp í málfræði, lesskilning, ritun og yndislestur.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá

Talað mál, hlustun og áhorf

- *Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar.*
- *Nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.*
- *Gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi.*
- *Hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum þess.*

Lestur og lesskilningur

- *Lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta.*
- *Skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt.*
- *Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.*
- *Beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda.*

Bókmenntir

- *Lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt.*
- *Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi.*

Ritun

- *Skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar.*

Mál og málnotkun

- *Beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína.*
- *Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.*
- *Notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun.*
- *Notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.*
- *Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.*